

Nd.

562. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast viðbótarrekstrarlán handa Landsbanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Ríkisstjórninni f. h. rikissjóðs er heimilt að ábyrgjast viðbótarrekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands hjá erlendum banka eða hönkum, allt að 2 millj. og 300 þús. króna, eða jafngildi þeirra í erlendri mynt. Lánið sé ekki tekið til lengri tíma en eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkv. ósk fjármálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Í gær, þ. 5. maí, barst ríkisstjórninni svo hljóðandi bréf frá stjórn landsbankans:

„Á fundi bankastjórnarinnar í dag var eftirfarandi samþykkt með öllum atkvæðum:

„Stjórn Landsbanka Íslands fer fram á það við ríkisstjórnina, að hún afli sér heimildar Alþingis til að ábyrgjast fyrir bankann allt að 2 millj. kr. bráðaþirgðalán erlendis, ef viðskiptaástandið gerir alveg óhjákvæmilegt að nota slíka lánsheimild“,

er vér leyfum oss að tilkynna hæstvirtum fjármálaráðherra hér með.

Virðingarfyllt

Bankaráð Landsbanka Íslands

(sigu) Jón Árnason.“

Með því að ríkisstjórninni þykir varlegra, að slík heimild sé til, leggur hún til með þessu frumvarpi, að hún verði veitt.“